




BLÖNDUÓSBÆR  
Hjúlkabyggð 33 | 540 Blönduós | Sími 455-4700



# STEFNURÆÐA SVEITARSTJÓRA

## MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016





## I. Inngangur

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var lögð fram til fyrri umræðu 18. nóvember 2015 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 8. desember 2015. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn þann 8. desember 2015.

### Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2016.

- Rekstur fyrir fjármagnsliði er jákvæður um 53. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir 53 m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var 23. m.kr. árið 2014.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 47 milljónir 2016 voru 30. mkr. 2014
- Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 6,1 milljónir árið 2016 en var neikvæð um 7,4 m.kr. 2014. Útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir halla á rekstri Blönduósbæjar.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 94 m.kr. 2016. Var 70 m.kr. 2014 Útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir 88. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 3% verðbólgu á árinu 2016

Kjarasamningar eru frágengnir hjá flestum félögum og er samið út árið 2018 og fram á árið 2019 í mörgum tilfellum. Fjárhagsáætlun 2016 tekur tillit til þessara hækkanna launa árið 2016. Launakostnaður 2014 var 376 m.kr., útkomuspá 2015 gerir ráð fyrir 376 m.kr en fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 412 m.kr. launakostnaði. Fyrirnefndir kjarasamningar skýra að stærstum hluta þessa hækkun.

Ljóst er að mikill árangur hefur nást í rekstri Blönduósbæjar og allar kennitölur sýna að hann er í góðu jafnvægi. Þó hafa kjarasamningar síðustu misserar sett stórt strik í reikninginn og benda útkomuspár til þess að árið 2015 verði rekið með halla. Miklu máli skiptir að halda áfram á sömu leið og áfram verður gerð sú krafa til forstöðumanna að gæta ítrasta aðhalds í rekstri. Ella er mikil hættu á því að vinna undanfarinna ára verði fyrir bí og gjaldaliðir í rekstri Blönduósbæjar éti upp allan ávinning sem náðst hefur á síðustu árum.

Tekjustofnar sveitarfélagsins eru ekki fullnýttir samkvæmt fjárhagsáætluninni. Svigrúm er til þess að hækka hlutföll fasteignaskatts af A og C lið.


## II. Íbúapróun

Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára og hefur íbúum fækkað að meðaltali um tæpt -0,5% á ári. Íbúatalan er svipuð og á síðasta ári en hún var 865 íbúar í byrjun nóvember 2015.

Sveitarfélag	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Mism. á 10 árum	
<b>Blönduósþéttbýli</b>	903	892	904	907	882	904	871	878	881	861	-42	-4,9%
<b>Skagaströnd</b>	545	532	530	521	519	530	504	506	498	488	-57	-11,7%
<b>Húnavatnshreppur</b>	466	465	449	428	431	417	412	405	409	414	-52	-12,6%
<b>Skagabyggð</b>	99	96	105	102	106	105	104	100	98	99	0	0,0%
<b>Samtals</b>	2013	1985	1988	1958	1938	1956	1891	1889	1886	1862	-151	-8,1%

Íbúatala 1. janúar ár hvert

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í héraðinu en íbúum hefur fækkað um 151 á síðustu 10 árum eða um -8,1%.



Íbúar á Blönduósi voru 861 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2015. Íbúatala þann 1. nóvember 2015 var 865. Árið 2006 voru íbúar Blönduósþéttbýli um 44,9% af íbúum A-Húnavatnssýslu en hlutfallið í ársbyrjun 2015 var 46,2%.

### III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur

#### Skatttekjur:

2014 Rauntölur	2015 Útkomuspá	2016 Áætlun
575.728	584.148	639.950

Skatttekjur Blönduósbæjar aukast á milli áráanna 2015 og 2016 um 56 m.kr. eða um 9,6%. Tekjuaukning milli áráanna 2014 og 2016 er 64 mkr. eða 11,1% hækkun á því tímabili.

#### Nánari sundurliðun skatttekna:

##### Útsvar:

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2016 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,48% af útsvarsstofni, að viðbætti hækkun sem kveðið verður á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli fyrirhugaðs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gengið er út frá að lagabreyting þessa efnis verði afgreidd fyrir lok haustþings 2015.

Stuðst var að hluta við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og jöfnunarsjóði Sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars hækki um 10,0% milli ára miðað við upphaflega áætlun fyrir árið 2015.

##### Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis	0,46%
B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu	1,32%
C-flokkur - af fasteignamati annarra eigna	1,6%

**Fasteignaskattur 2016 er áætlaður: 72.343 þús. kr.**

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða. Aukavatnsgjald greitt fyrir hvern rúmmeter að 50.000 rúmetrum er 20 kr. á rúmmetra(m<sup>3</sup>) og er tengd við byggingarvísitölu 119,3 stig í desember 2013. Afsláttur til stórnotenda verður 25% fyrir notkun umfram 50.000 m<sup>3</sup> og 5% auka yfir hverja 25.000 m<sup>3</sup> umfram það. Fráveitugjald er 0,275% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga er 2% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús. Leiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er 0,62 kr/fm. Lágmarks lóðarleiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er kr. 8.300. Fasteignagjöld hækka um 0,6% á milli ára.

Sorphirðugjald er kr. 20.300 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 20.300 kr/íbúð. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald er því samtals kr. 40.600 fyrir árið 2016. Gjöld ársins eru óbreytt frá fyrra ári. Sorpeyðingargjöld á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 20.300. Um er að ræða óbreytt gjöld frá fyrra ári.

### **Jöfnunarsjóður:**

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir 209.433.553 krónan framlagi frá Jöfnunarsjóði. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 23% af tekjum samstæðunnar.

### **Gjaldskrár:**

Í fjárhagsáætlunargerð 2016 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Fasteignaskattar og lóðarleiga hækkar um samtals um 0,6%.
- Gjaldskrá leikskóla 0% hækkun
- Gjaldskrá skóladagheimilis 0% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða leikskóla 0% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða skóladagheimilis 0% hækkun
- Gjaldskrá um gæluðyrhald hækkar um 0%
- Gjaldskrá Blönduskóla hækkar um 0%
- Gjaldskrá vegna sorp hækkar um 0%
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús hækkar og er hækkunin breytileg eftir liðum. Stakt gjald í sund fyrir fullorðinna hækkar í 900 kr.

- Gjaldskrá vegna aukavatnsgjalds er 20 kr.m<sup>3</sup> . Gjaldskráin tekur breytingum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2013, 119,3 stig, og verður því 21,48 krónur árið 2016.

### **Lántökur og afborganir lána:**

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 70 m.kr. Afborganir langtímalána verði rúmar 92 m.kr. og þar af eru 11 m.kr. vegna sölu á einni íbúð. Stefnt er að því að handbært fé verði um 26 m.kr. í árslok 2016. Veltufé frá rekstri verði 10,5% á árinu 2016. Langtímaskuldir munu halda áfram að lækka á næsta ári.

### **Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:**

Veltufé frá rekstri A og B hluta er 94 m.kr. en var 88 milljónir á árinu 2015 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði 749 m.kr. í árslok 2016, en voru 794 m. kr. í árslok 2014. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 179 milljónir en þær voru 159 milljónir í árslok 2014 og skýrist hækkunin af auknum greiðslum af lánum. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 9,6 milljónir á milli árána 2015 og 2016.


### **Fjárfestingar**

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 57 m.kr. á árinu. Nánar er gert grein fyrir fjárfestingum á sérstöku fjárfestingarblaði.

#### IV. Samantekt á rekstri málaflokka

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Útg.spá	Áætlun
02 Félagsþjónusta	40.939	47.227	49.309	57.819	61.292	63.558
03 Heilbrigðismál	1.764	1.857	1.932	2.056	2.108	2.171
04 Fræðslu- og uppeldismál	255.961	262.938	275.476	296.105	309.765	333.682
05 Menningarmál	21.249	22.019	22.367	21.944	20.772	19.549
06 Æskulýðs- og íþróttamál	124.108	128.791	138.118	149.865	148.843	158.354
07 Brunamál og alm.varnir	16.259	15.063	13.530	14.051	14.879	16.209
08 Hreinlætismál	6.493	8.843	10.290	10.192	10.865	13.111
09 Skipulags- og bygg.mál	11.151	11.475	11.862	7.703	10.190	10.521
10 Umferðar- og samg.mál	13.281	17.166	15.868	17.106	19.562	21.132
11 Umhverfismál	13.610	13.454	14.251	14.320	14.400	15.890
13 Atvinnumál	13.488	10.193	11.647	14.330	16.365	20.313
21 Sameiginl. Kostn.	57.022	53.936	60.112	59.279	69.358	84.343

#### Þróun útgjalda á málaflokkum á árunum 2011-2016





## Rekstrarleg afkoma

Blönduósbær samanburður frá 2012 til 2016

	2012	% af tekjum	2013	% af tekjum	2014	% af tekjum	2015*	% af tekjum	2016	% af tekjum
<b>Tekjur samtals:</b>	678.552		755.466		790.111		827.485		893.152	
Laun og launatengd gjöld	334.279	49,3%	337.249	44,6%	376.097	47,6%	375.613	45,4%	412.085	46,1%
Annar rekstrarkostnaður	266.729	39,3%	294.272	39,0%	339.975	43,0%	345.883	41,8%	373.962	41,9%
<b>Rekstrarkostnaður samtals:</b>	601.008	88,6%	631.521	83,6%	716.072	90,6%	721.496	87,2%	786.047	88,0%
<b>Framlegð</b>	77.544	11,4%	123.945	16,4%	74.039	9,4%	105.989	12,8%	107.105	12,0%


\* Útgönguspá

### V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2016-2018 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir fara lækkandi
- Framkvæmdir sveitarfélagsins verða 40. mkr. á ári árin 2017-2019.
- Gert er ráð fyrir sölu einnar íbúðar árin 2016 og 2018.

Þróun heildarskulda og skuldbindinga Blönduósbæjar innan samstæðunnar frá 2009 til 2014 og áætlun fyrir 2015-2016 með og án lífeyrisskuldbindinga í hlutfalli við tekjur eða svokölluð skuldahlutföll má **sjá á mynd hér að neðan:**



## VI. Lokaorð

Fjárhagsáætlun 2016 ber þess merki að mikill árangur hefur náðst í rekstri Blönduósbæjar. Nauðsynlegt er þó að viðhalda áfram aga í rekstri meðan sveitarfélagið er að greiða niður skuldir og vinna sig sem lengst frá 150% skuldaviðmiði sveitarstjórnarlaganna. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins til framtíðar og því ætti sveitarfélagið að setja sér það markmið að skuldahlutfallið verði undir 100% og að veltufé frá rekstri verði um 15% að meðaltali á ári. Veltufé frá rekstri 2016 er 10,5%. Með því skapast aukið svigrúm til fjárfestinga og allur rekstur sveitarfélagsins verður í betur stakk búinn að takst á við auknar kröfur sem lagðar eru á sveitarfélögin.

Í fjárhagsáætlun 2016, sbr. mynd um skuldahlutföll, kemur fram að sveitarfélagið er komið undir viðmið laganna um skuldahlutfall sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) setti fram sem viðmið um skuldastöðu sveitarfélaga.

Jafnframt er stefnt að því að sveitarfélagið skili rekstrarhagnaði árið 2016. Samkvæmt jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga hvílir sú skylda á sveitarfélögum að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A-og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærra en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Sveitarfélagið var rekið með rekstrarafgangi fjárhagsárið 2013. Árið 2014 var tap á rekstri og vísbendingar um neikvæða rekstrarniðurstöðu árið 2015. Fjárhagsáætlunin sem er til umræðu í dag gerir ráð fyrir 6. mkr. rekstrarafgangi.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins undanfarinna ára hafa borið þess skýr merki að í dag er uppi alveg ný staða. Það sést best á því að sveitarfélagið er farið að fjárfesta í mun meira mæli en áður og er lögð áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins í ríkari mæli.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu deildarstjóra og stjórnenda Blönduósbæjar. Ég vil þakka deildarstjórum og stjórnendum hjá Blönduósbæ vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir

sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka byggðaráði og sveitarstjórn góða samvinnu við gerð þessarar fjárhagsáætlunar og ítreka mikilvægi þess að bæjarfulltrúar ræði sig til sanngjarnrar niðurstöðu um sem flest mál. Með samvinnu og samstarfi að leiðarljósi næst árangur þar sem kjörnir fulltrúar ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins leggja grunn að traustu og eftirsóknarverðu samfélagi.

Blönduósi, 8. desember 2015



Arnar Þór Sævarsson  
Sveitarstjóri Blönduósbæjar